

- Lífskjör evrópskra heimila: Ísland úr 5. sæti í það 13. á fjórum árum

Lífskjör evrópskra heimila: Ísland úr 5. sæti í það 13. á fjórum árum

Þótt Íslendingar hafi getað fylgst náið með þróun hagkerfisins síðustu ár á ýmsa mælikvarða getur það gefið skýrari mynd af ástandi þess að bera það saman við nágrannalöndin og skoða í víðara samhengi.

Bráðabirgðatölur yfir landsframleiðslu fyrir árið 2011 benda til þess að eftir boðaföll síðustu ára sé Ísland þrátt fyrir allt enn í ríkari helmingi Evrópulanda eða nánar tiltekið í 12. sætinu. Tölurnar hafa verið leiðréttar með tilliti til mismunandi verðlags, svo kaupmáttarjafnvægi á að ríkja á milli landa í gögnunum.¹


Landsframleiðslan á mann á Íslandi var á árinu 2011 10% meiri en að meðaltali í Evrópusambandsríkjunum 27, og litlu meiri en á Evrusvæðinu. Ísland er þó eftirbátur nágranna sinna á Norðurlöndunum. Greinileg skipting er á milli austur- og vesturhluta álfunnar, þar sem löndin undir meðaltali eru yfirleitt austanmegin, á meðan því er öfugt farið vestanmegin. Þess má þó geta að bæði Spánn og Portúgal voru með landsframleiðslu undir meðallagi.

Methafi álfunnar er smáríkið Lúxemborg, þótt taka verði tölum þaðan með verulegum fyrirvara. Ástæðan er sú að á annað hundrað þúsund manns ferðast yfir landamærin til að vinna í Lúxemborg frá nágrannaríkjunum Þýskalandi, Frakklandi og Belgíu, án þess þó að teljast íbúar landsins. Þeir leggja því til landsframleiðslunnar, en hafa engin áhrif á íbúafjöldann, svo VLF á íbúa hækkar. Tvö lönd eru helmingi verr stödd en Evrópumeðaltalið; Rúmenía og Búlgaría og skipa þau tvö neðstu sætin.

¹ Hagstofa Evrópusambandsins færir tölurnar yfir á sameiginlega „mynteiningu“, Purchasing Power Standard, sem hefur sama kaupmátt í öllum Evrópulöndum, þ.e. sama magn vöru og þjónustu fæst fyrir eininguna á milli landa. Vegna óvissu við útreikning verðbólgu, gerð þjóðhagsreikninga og aðferðina við að kaupmáttarleiðréttu tölurnar varar Hagstofa Evrópusambandsins við því að taka mun á löndum sem liggja nærri hvert öðru á grafinu of bókstaflega.

ATH. Brengluð mynd af stöðu mála

Verg landsframleiðsla á íbúa árið 2011 - meðaltal Evrópusambandsríkja = 100




Heimild: Eurostat

Annar mælikvarði, sem hugsanlega veitir skýrari mynd af kjörum heimila en hráar tölur um landsframleiðslu, er svokölluð raunveruleg neysla heimila (e. actual individual consumption). Þar er horft til þess magns vara og þjónustu sem heimili neyttu yfir árið, burtséð frá því hvort þau greiða sjálf fyrir neysluna, eða fá hana án endurgjalds frá ríkinu (t.d. heilbrigðisþjónusta og menntun). Þannig er ætlunin að gefa gleggri mynd af þeim lífsgæðum sem landsframleiðslan getur staðið undir heimilum til handa.

Á þann mælikvarða voru kjör heimila á Íslandi um 7% betri en að meðaltali í Evrópusambandsríkjum, eða álíka góð og á Evrusvæðinu. Má því segja að lífskjör heimila voru meðal þeirra 13 bestu í Evrópu á síðasta ári.

Kjör heimila á árinu 2011

- raunveruleg neysla heimila (e. actual individual consumption), meðaltal ESB-ríkja = 100





Heimild: Eurostat

Ísland fellur niður um sæti

Þótt Ísland sé þannig yfir meðallagi á báðum mælikvarðum, er staðan enn að versna á mælikvarða vergrar landsframleiðslu í hlutfalli við Evrópumeðaltalið. Þegar best lét var landið það 9. ríkasta í álfunni með 24% meiri VLF á mann en meðalland Evrópusambandsins. Þrátt fyrir að staðan versni hlutfallslega á

milli áráanna 2010 og 2011 (úr 11% í 10% meiri VLF en í meðallandinu) færast Ísland þó upp á listanum, úr 13. sæti í það 12. Það skýrist af því að hlutfallslega féll VLF hjá Bretum enn meir, og færðust þeir niður fyrir okkur á síðasta ári.

Á mælikvarða raunverulegrar neyslu heimila reis landið þó á milli áráanna 2011 og 2010, en neyslan náði botni eftir hrun árið 2010. Enn er þó langt í að Ísland nái aftur fyrri stalli eins og var árið 2008, þegar Íslendingar sátu í 5. sæti í Evrópu yfir kjör heimila. Þá neytti meðalheimilið á Íslandi 22% meira en meðalheimilið í Evrópusambandinu.



Heimild: Eurostat

Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Davíð Stefánsson	david.stefansson@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kristrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktur eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundur og hluthafafundur auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og ófugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is